

Greiðslustofa húsnæðisbóta á Sauðárkróki

Vinnumálastofnun leitar að öflugum starfsmönnum í áhugaverð og fjölbreytt störf á nýrri þjónustuskrifstofu húsnæðisbóta sem mun sjá um afgreiðslu og útborgun húsnæðisbóta í samræmi við ný lög um húsnæðisbætur. Þjónustuskrifstofan verður staðsett á Sauðárkróki og mun hefja starfsemi í nóvember.

Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar:

Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Fimm stöðugildi fulltrúa:

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptavinum
- Vinnsla umsókna um húsnæðisbætur
- Önnur verkefni í starfsemi skrifstofunnar

Menntunar- og hæfnikröfur

- Stúdentspróf er æskilegt
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um störf fulltrúa á Starfatorgi:

www.starfatorg.is/ með númerið 201609/1189

Fimm stöður sérfræðinga:

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Afgreiðsla og mat á umsóknum um húsnæðisbætur
- Framkvæmd og ábyrgð á afgreiðslufundum
- Formleg samskipti við einstaklinga og opinberar stofnanir
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Góð þekking á húsaleigumarkaði
- Reynsla af greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Reynsla af rafrænni málsmeðferð er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um störf sérfræðinga á Starfatorgi:

www.starfatorg.is/ með númerið 201609/1190

Fjármálastjóri:

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg fjárumsýsla skrifstofunnar
- Sjá um greiðslur til umsækjenda
- Sjá um upplýsingagjöf til fjármálsviðs Vinnumálastofnunnar
- Önnur tilfallandi verkefni, samvinna og stuðningur við yfirstjórn

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði
- Mjög góð bókhaldskunnátta og farsæl reynsla af bókhaldsstörfum nauðsynleg
- Nákvæmni í vinnubrögðum og tölugleggni
- Mjög góð tölvufærni, þ.m.t. excel
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulagshæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sækja skal um starf fjármálastjóra á Starfatorgi:

www.starfatorg.is/ með númerið 201609/1191

Umsóknarfrestur er til og með **30. september 2016**. Nánari upplýsingar um starfið veita Þór Hauksson Reykdal forstöðumaður (threykdal@vmst.is)

og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri (vilmar.petursson@vmst.is) í síma 515 4800.

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki